Fimmtudagur 11. janúar 1996

Er Eiríkur Tómasson prófessor
vanhæfur til ab fjalla um rimm-
una í Langholtskirkju vegna fyrr-
verandi formennsku sinnar í

Styrktarfélagi óperunnar og
starfa sinna fyrir Stef?

Baldur Kristjánsson biskupsritari
Nei, Eiríkur Tómasson er einhver
færasti sérfræbingur í stjórnsýslulög-
unum og hann geröi biskupi strax
grein fyrir þessum tengslum sínum
viö óperuna og því líka a6 hann
þekkti til Flóka og hefði verið í sama
skóla og hann, þótt þeir væru
kannski ekki bekkjarbræður. Hann
taldi sjálfur að þetta gerði hann ekki á
nokkurn hátt vanhæfan og ég er sam-
mála honum í því. í þessu efni ber
líka að hafa það í huga að Eiríkur er
ekki dómari heldur er hann að skoða
málið fyrir biskup.

Jón Magnússon hæstaréttarlög-
mabur
Nei, ég mundi nú ekki álíta að
þessi tengsl mundu valda vanhæfi Ei-
ríks Tómassonar sem slíks, en hitt er
annað mál að lagaprófessor er ekkert
hæfari til að fjalla um þetta mál en
hver annar, vegna þess að málið er
ekki þess eðlis og heyrir ekki undir
lögfræði. Ég tel Eirík Tómasson vera
ákaflega hæfan mann og því færan
um að fjalla um þetta mál, en próf-
gráða og annað í þeim dúr gerir hann
ekki hæfari en hvaða mann sem er
með aðra prófgráðu og annað starfs-
svib. Að mínu viti er þetta ágreining-
ur sem kirkjan hefði að sjálfsögðu átt
að leysa innan sinna vébanda. Það er
mjög óeðlilegt að fara þessa leið.
Þarna er ágreiningur milli aðila sem
starfa innan ákveðinnar kirkjudeild-
ar. Málið er ab mínum dómi mjög
einfalt: Annað hvort tekst að ná sam-
komulagi og auðvitað ber að vinna
að því, en ef ekki tekst að ná sam-
komulagi, þá verður annar aðilinn að
fara.

Leifur Þórarinsson tónskáld

Ég hef ekki vit á þessu máli. Ég hef
ekki kynnt mér það enda kemur mér
þaö ekki við, en ég geng út frá því að
Eiríkur Tómasson sé hæfur í hvað

Kjarvalsstaöir hefja árib meö glœsibrag — fjórar sýningar opnaöar á laugardag:

Frægur Frakki og áöur óþekkt verk Kjarvals

Kjarvalsstabir hefja nýja árib
meb trukki, fjórar sýningar
verba opnaoar í sýningarsöl-
unum á laugardag. Mebal
þeirra er Kjarvalssýning sem
Helgi Þorgils Fribjónsson hef-
ur sett saman og er ab hengja
upp þessa dagana, teikningar
listamannsins, sem fæstar
hafa sést ábur. Einn helsti list-
málari Frakka, Olivier Debré,
heldur þar og sýningu. Þá
mu m þab vekja athygli þegar
rússneskir myndlistarmenn
kynna „Val fólksins", sýningu
sem samanstendur af abeins

tveim málverkum, þ.e. „eftir-
sóttasta og síst eftirsótta mál-
verki íslensku þjóbarinnar".
Niburstaban er fengin eftir
skobanakönnun sem Hag-
vangur gerbi fyrir hartnær ári
síban.

Rússarnir Komar og Melamid
fluttu til Bandaríkjanna 1978
eftir ab hafa verið undir járnhæl
sovétskipulagsins um árabil.
List þeirra er framsækin hug-
myndalist, en viðfangsefnið er
menningar-félagsleg umfjöllun
um listina og samfélagið.
í gærdag var Helgi Þorgils ab
hengja upp á Kjarvalsstöðum.
Hann hafði orðið sér úti um

eitthvab á þriðja hundrað teikn-

Rússnesku listamennirnir Komar og Melamid sýna listaverk eins og meöaljóninn á íslandi vill, og annab sem íslendingurinn vill ekki. Franski abstraktmálarinn De-

bré, 75 ára, kemur hingað til
lands á föstudag og heldur beint
af flugvelli til vinnu sinnar á
Kjarvalsstöðum. Debré er í hópi
þekktustu listamanna Frakk-
Jands.

Loks er að geta þáttar Ingólfs
Arnarssonar. Hann sýnir mynd-
ir sem hann vinnur annars veg-
ar sem teikningar á pappír og
hins vegar með vatnslitum á
steinsteypu.
Allar standa sýningarnar til
18. febrúar, nema Kjarvalssýn-
ingin sem stendur til vors. -JBP

Ein teikninga Meistara Kjarvals, sem
sýnd verbur á Kjarvalsstöbum fram
til vors.

ingar eftir Meistara Kjarval,
myndir sem margir munu áræð-
anlega hafa gaman af að sjá.

Nýtt leikhús á gömlum grunni:

99 ára afmæli LR
Leikfélag Reykjavíkur er 99
ára gamalt í dag. Libin eru tíu
ár frá því ab Davíb Oddsson,
þáverandi borgarstjóri, lagbi
hornstein ab Borgarleikhús-
inu. Til ab minnast þessara
tímamóta og til ab kynna
undirbúning 100 ára afmælis-
hátíbar ab ári verba Ieikfélags-
menn meb samkomu í Forsal

Borgarleikhússins kl. 16.30 í
dag.
Meðal þeirra sem taka til máls
á samkomunni verða Davíð

Oddsson forsætisráðherra, Ingi-
björg Sólrún Gísladóttir borgar-
stjóri, Kjartan Ragnarsson for-
maður Leikfélags Reykjavíkur

Ibnó vib Tjörnina. Þar átti Leikfé-
lag Reykjavíkur sín uppvaxtarár og
glcesitíma.

og Viðar Eggertsson, verðandi
leikhússtjóri LR. Þá munu
Szymon Kuran borgarlistamab-

Borgarleikhúsib í Kringluhverfi, hib
nýja absetur Leikfélags Reykjavíkur,
glœsileg abstaba.

ur og félagar úr LR stytta gestum
stundir.
Sérstök afmælisnefnd starfar

nú að undirbúningi aldaraf-
mælisins. Hana skipa Leikhús-
ráð og heiðursfélagar L.R., en
formaöur er Vigdís Finnboga-
dóttir, forseti íslands.
- BÞ

Wátm^meðþý*! • *»'!

Sagt var...
Nýríkir og síríkir
„Nú er Davíb kominn í spilið. Hann
hefur rætt vib Heklubræður um að
þeir taki þátt í kaupum á bankanum
enda hefur lengi verið gott á milli
Davíbs og bræðranna. Auk þess eru
bræðurnir ekki nýríkir heldur síríkir
og því ætti Cuðni að geta fallist á að
selja þeim part þessum blessaba
banka þegar hann verbur háeffabur.
Alla vega ætti Cubni ab taka hönd-
um saman vib Davíð í þessu máli ef
þab gæti orbib til þess ab koma í veg
fyrir ab bankinn lenti i höndum ný-
ríkra því það gefur augaleið að þeim
er ekki treystandi til ab eiga og reka
banka. Eba dytti nokkrum heilvita
manni í hug ab selja ofdrykkjumönn-
um Áfengisverslun ríkisins?"

Oagfari í DV

Óskynsamleg stjórn
byggoamála
„)afnt vægi er skynsamlegt. Misvægi
atkvæba tengist óskynsamlegri stjórn
byggðamála. Á íslandi er sveitar-
stjórnarstigið veikt og því illa fært
um ab fást við byggbamál. Byggða-
málum er því sinnt af landsstjórninni.
Alþingismenn eru fulltrúar ákveöinna
landshluta og gæta hagsmuna þeirra
á Alþingi."
Æyir Karl Ægisson í grein í Vikublaoinu

Forsetaembættib og valdib
„Full ástæða er til að ræba hlutverk
embættis forseta íslands, og yfirhöf-
ub hvort það þjóni einhverjum til-
gangi. Á hinn bóginn mun það
skapa mikla ólgu ef stjórnmálamaður
— og alveg sérstaklega ef hann heitir
Davíb Oddsson — sækist eftir for-
setaembættinu á þeim forsendum ab
auka þurfi völd þess. Þá er næsta víst
ab gamanib færi ab kárna."
Úr forystugrein Alþýbublabsins

Ósköp óánægb
„ífjárlagaumræbunni á Alþingi í lok
fyrra árs rébst jóhanna Sigurbardótt-
ir, fyrrverandi félagsmálarábherra,
meb miklu offorsi á Pál Pétursson fé-
lagsmálarábherra úr ræbustól. Undir
ræbunni sat Páll meb púkaglott á
vörum og þegar hann svarabi jó-
hönnu lét hann þessa vísu fara í loft-
ib:

Ein er núna ögn ílœgö,
ekki oð marki Sagin.
Hún er ósköp óánœgö
eins og fyrri daginn."
Sandkorn í DV

POTTi

í heita pottinum var verib ab ræba um
Pál Pétursson félagsmálarábherra og
snöfurmannlega ínnkomu hans í ríki
rábherranna. Bar mönnum saman um
ab honum færi starfib vel og til þess
tekib ab hann virtist láta allt milli him-
ins og jarbar sig varba. Hann væri bara
alls stabar eitthvab ab stjórna. Hesta-
maburinn úr austurbænurn upplýsti þá
ab menn væru líka hættir ab kalla Pál
„Pál á Höllustöbum". Nú gangi hann
undir nafninu „Páll á öllum-stö&um" ...
•

Nú er orðib Ijóst ab Sighvatur Björg-
vinsson skrifabi sína frægu Morgun-
blabsgrein um ab stjórnmálamenn
ættu vissulega erindi á Bessastabi til
þess ab melda stubning sinn vib Davíb
Oddsson í embættib. Jafnframt hefur
þab vakib athygli ab Davíb neitar því
ekki sjálfur ab hann hyggi á frambob
þó hann „telji þab frekar ólíklegt," eins
og hann orbaði þab í fréttum Stöbvar
2. Kratarnir í pottinum velta þvífyrir
sér hvab gamli refurinn Sighvatur sé
ab fiska meb þessari snemmbæru
meldingu sinni, og hallast helst ab því
ab hann vonist eftir stubningi sjálfstæb-
ismanna í stól landsbankastjóra þegar
sæti Björgvins Vilmundarsonar
losnar...

•

Stórfrétt RÚV um sjúkrasamlagstillögur
Bolla Hé&inssonar var ágæt þó svo til-
lögur Bolla hafi verib settar fram í DV
kjallaragreinum fyrir 3 árum síban.
Þetta sýnir ab góbar hugmyndir eldast
vel. í pottinum var fullyrt að Bolli hafi
sagt þegar sjónvarPib hringdi: „Minn
tími er þá loksins kominn" ...